



Skýrsla um banaslys í umferðinni
Seljabraut móts við nr. 54
Málsnr. 2011-04

Rannsóknir RNU miða að því að leiða í ljós orsakir umferðarslyss til að koma í veg fyrir að sams konar umferðarslys verði aftur. Markmið nefndarinnar er ekki að skipta sök eða ábyrgð heldur stuðla að auknu öryggi í umferðinni sbr. lög um Rannsóknarnefnd umferðarslysa nr. 24/2005 með síðari breytingum.

Seljabraut móts við nr. 54 -13.4.2011

Ekið á gangandi vegfaranda
Látinn 90 ára karlmaður

Samantekt

Slysið varð með þeim hætti að ökumaður strætisvagns var að aka frá biðstöð strætisvagna á Seljabraut þegar eldri karlmaður kom hlaupandi að vagninum. Hann reyndi að vekja á sér athygli með því að berja í hlið vagnsins. Vagnstjórinn varð mannsins ekki var og ók af stað eftir að hafa hleypt farþegum út. Maðurinn féll í götuna og varð fótleggur hans undir afturhjólabarða strætisvagnsins. Að mati RNU sýndi vegfarandinn, sem lést, af sér óvarkárni er hann reyndi að stöðva strætisvagninn. Varar nefndin við þeirri hættu sem af hlýst þegar vegfarendur reyna að stöðva strætisvagna sem ekið hefur verið af stað.

Aðstæður

Veður og birta:

Skýjað, rigning, hægur vindur.

Vegur:

Blautt yfirborð, bundið slitlag.
Hámarkshraði 30 km/klst.

Tími sólahrings:

Kl. 14.39

Ökutæki:

Irisbus Agora

Rannsóknarnefnd umferðarslysa
Húsi Flugbjörgunarsveitarinnar
Flugvallavegi
101 Reykjavík

Heimasíða:
www.rnu.is

Tölvupóstfang:
rnu@rnu.is

Lýsing á slysi

Slysið varð með þeim hætti að ökumaður strætisvagns var að aka frá biðstöð strætisvagna á Seljabraut þegar aldraður karlmaður kom hlaupandi að vagninum, meðfram hægri hlið hans. Hann reyndi að vekja á sér athygli með því að berja í hlið vagnsins. Vagnstjórinn varð mannsins ekki var og ók af stað eftir að hafa hleypt farþegum út. Maðurinn féll í götuna, og varð fótleggur hans undir afturhjólabarða strætisvagnsins. Hann hlaut af mikil meiðsli og var fluttur á Landspítala Háskólasjúkrahús þar sem hann var til aðhlyningar. Hann dó 24 dögum eftir slysið vegna fjölværka.



Mynd 1. Horft í akstursstefnu strætisvagnsins s-austur Seljabraut.

Þegar slysið varð var strætisvagninum ekið hægt frá biðstöðinni að sögn vagnstjóra, sennilega á 5-10 km/klst. hraða. Nokkur vitni voru að slysinu og bar þeim saman um að hraði vagnsins hafi verið lítill. Líklegast er að maðurinn hafi misst jafnvægi við það að reyna vekja á sér athygli en vitni lýsir því að hann hafi dottið á hlaupum, utan í vagninn, en síðan fallið meðfram honum. Um 15 metrar eru frá biðstöðinni að þeim stað sem slysið varð.

Strætisvagninn er af gerðinni Irisbus Agora. Ekkert kom fram við rannsókn málsins sem bendir til að orsök slyssins megi rekja til ástands hans. Speglar vagnsins voru rétt stilltir þannig að ökumaður sá meðfram hliðum hans. Í framburði ökumanns kom fram að hann hafði stöðvað við biðstöðina og hleypt farþegum út. Horfði hann þá í hægri hliðarspegil (sjá mynd 2). Þegar farþegar voru komnir út úr vagninum leit hann í vinstri hliðarspegil til að gæta að umferð á Seljabraut áður en hann lagði af stað frá biðstöðinni. Hann varð mannsins ekki var fyrir en farþegar í vagninum gerðu honum viðvart en það reyndist of seint, maðurinn hafði þá þegar fallið og orðið undir afturhjóli vagnsins.



Mynd 2. Speglar strætisvagnsins, fyrir miðju og hægri hlið.

Áfengis- og lyfjamælingar voru ekki gerðar við rannsókn málsins.

Orsakagreining

- Maðurinn sem lést í slysinu sýndi af sér óvarkárni er hann reyndi að stöðva strætisvagninn.
- Maðurinn féll í jörðina og hlaut við það fjöláverka sem síðar leiddu hann til dauða.

Ábending

Mikilvægt er að vegfarendur reyni ekki að stöðva strætisvagn eða hlaupa hann uppi er hurðum hefur verið lokað og vagninn lagt af stað. Slíkt getur verið hættulegt fyrir þann sem reynir að hlaupa vagninn uppi auk þess að skapa hættu á aðalbraut sem vagninn ekur eftir eða inná.

Áður en vagnstjóri leggur af stað frá biðstöð á hann að veita athygli farþegum sem yfirgefa vagninn og þeim sem eru á biðstöð. Í flestum vögnum eru svokallaðar hurðabremsur sem koma í veg fyrir að hægt sé að taka af stað fyrr en hurðum hefur verið lokað. Þegar vagnstjóri hefur lokað hurðum og lagt af stað frá biðstöð þarf hann að fylgjast með umferð á aðalbraut sem hann ekur inná og því mega vegfarendur ekki tefla í tvísýnu með því að hlaupa meðfram vagninum. Óvíst er hvort vagnstjórinn taki eftir þeim eða nái að bregðast við með öruggum hætti.

Reykjavík 29.6.2012
Rannsóknarnefnd umferðarslysa